



Umhverfisráðuneytið
Skuggasundi 1

150 Reykjavík

Reykjavík, 24. ágúst 2011

Efni: Umsögn um drög að byggingarreglugerð

Samtök iðnaðarins, Samtök rafverktaka og Meistarafélag húsasmíða (hér eftir nefndir „umsagnaraðilar“) standa sameiginlega að umsögn þessari.

Umsagnaraðilar vilja byrja á því að þakka fyrir að fá tækifæri til að koma að gerð reglugerðarinnar. Reglugerðardrögin taka á mörgum mikilvægum málum sem teljast til mikilla bóta.

Í umsögninni eru fyrst gerðar almennar athugasemdir við reglugerðardrögin en svo er fjallað um einstakar greinar draganna:

Almennar athugasemdir

Lagatilvísun í reglugerðardrögunum

Í drögnum er ekki vísað til þeirra laga sem byggingarreglugerðin byggir á, þ.e. lög um mannvirkni nr. 160/2010.

Skoðunarhandbækur og önnur gögn sem Mannvirkjastofnun á að útbúa

Í drögnum er víða vísað í skoðunarhandbækur og önnur gögn sem Mannvirkjastofnun á að útbúa. Ekkert er finna um þessi gögn á heimasíðu Mannvirkjastofnunar. Að mati umsagnaraðila er rétt að slík gögn liggi fyrir svo hægt sé að fjalla um þau samhlíða umsögn um þessi drög að byggingarreglugerð.

Tilvísanir í staðla

Víða er í drögnum vísað í hina ýmsu staðla án þess að tilgreina hverju sinni hvaða staðlar þetta eru. Að mati umsagnaraðila er rétt að tilgreina nákvæmlega hvaða staðla er átt við hverju sinni. Má hér t.d. nefna grein 3.9.3. bls. 34 þar sem fjallað er um gaslagnir. Þar er mjög óljóst hvaða staðall á við hverju sinni.

Orðið „eftirlit“

Í daglegu tali meðal þeirra sem vinna við mannvirkjagerð þýðir orðið „eftirlit“ – eftirlit unnið af aðkeyptum ráðgjafa fyrir hönd verkkaupa. Eigið eftirlit verktaka er gjarnan kallað gæðakerfi, frekar en eftirlit. Eftirlit yfirvalda er gjarnan vísað til sem

úttekta, frekar en eftirlits. Þess vegna er mikilvægt að notkunin á orðinu sé alltaf ótvíræð í reglugerðinni, og lesandinn velkist ekki í neinum vafa um hverra eftirlit er verið að ræða um hverju sinni, og hvaða aðilar þetta eru sem verið er að tala um (þá oftast hvort þetta séu eftirlitsmenn byggingarfulltrúa eða byggingarstjóra sem verið er að tala um). Vandamálið er að í texta reglugerðar þá eru hinir „hefðbundnu“ eftirlitsmenn (sjálfstætt starfandi ráðgjafar fyrir verkkaupa) ekki til, og hafa aldrei verið. Þeir eru hins vegar svo sannarlega starfandi á markaðnum, og eru í hugum flestra sem starfa við stærri mannvirkjagerð, hinir eiginlegu eftirlitsmenn.

Hvers konar eftirlit?

Í beinu framhaldi af ofangreindu, sem í raun endurspeglar þann vanda sem bent er á hér að framan, þá er reynt að skýra þetta í reglugerð en of oft með mjög takmörkuðum árangri sem leiðir til þess að fleiri spurningar vakna. Talað er um „innra eftirlit“, „virkt eftirlit“, „lögbodið eftirlit“ og „tæknilegt eftirlit“. Umsagnaraðilar telja mikilvægt að farið sé í gegnum alla þá kafla draganna þar sem orðið „eftirlit“ er notað, sérstaklega ef það er notað með viðskeyti, og tryggja að skýrt sé kveðið á um í viðkomandi texta hvaða aðila er verið að ræða um og hvað það er sem hann/þeir eigi að gera.

Nýtt eftirlitshlutverk.

Það er mat umsagnaraðila að með reglugerðardrögunum sé í raun verið að leggja drög að nýju og nokkuð víðtæku eftirlitshlutverki. Hingað til hefur í texta byggingarreglugerðar nánast aðeins verið gerð krafa um eftirlit starfsmanna byggingarfulltrúaembætta. Samkvæmt byggingarreglugerðardögum er byggingarstjórinn kominn með víðtæka eftirlitsskyldu en að mati umsagnaraðila er eins og reynt sé á sama tíma að draga úr þessu nýja hlutverki með að kalla það „innra“ eftirlit. En þar sem að þessar eftirlitsskyldur byggingarstjóra hafa ekki verið áður í texta byggingarreglugerðar, en eftirlitsréttur verkkaupa er hins vegar býsna fastmótaður í texta ÍST 30, þá er afar brýnt að það sé skýrt kveðið á um við hvað sé átt. Þetta þarf að bæta í byggingarreglugerðardrögunum.

Ábyrgð eftirlits

Sjaldan hefur verið deilt um að vald opinberra eftirlitsaðila er mikið en ábyrgð þeirra takmörkuð. Sem dæmi má nefna að það fer enginn í mál við byggingarfulltrúaembættið þó að það vanti gólfniðurfall í þvottahús. Hins vegar er spurning hvort að þetta breytist þegar „faggiltar skoðunarstofur“ vinna þetta verk fyrir byggingaryfirvöld eins og gert er ráð fyrir í drögunum. Fyrir liggur að byggingastjórinn ber ábyrgð samkvæmt lögum gagnvart eiganda og þarf m.a. að vera með starfsábyrgðartryggingu. Það er full ástæða til að velta því fyrir sér hvernig þessi mál munu þróast með gildistöku nýrrar reglugerðar. Það er nýtt fyrirbrigði, þar sem aðili útgefandi byggingarleyfis getur kallað aðila skoðunarstofu til verulegrar vinnu að fullu á kostnað aðila eiganda. Eðlilegt er að eigandinn, sem ekki getur gert samning beint við skoðunarstofuna, hafi tryggingu fyrir því að hann geti sótt skaðabætur, ef skoðunarstofunni verður á afglöp í sínu eftirliti/úttekt/umsögn. Umsagnaraðilar telja eðlilegt að þessum stofum sé skylt að vera með sambærilega tryggingar og byggingastjórar.

Getur verktakinn verið byggingarstjóri?

Það er stöðugt algengari krafa í útboðsgönum að verktakinn sinni hlutverki byggingarstjóra. Þetta er væntanlega til þess að fyrirbyggja að einhver óljós skil verði um ábyrgðarskiptingu á milli byggingarstjóra og meistaranna, og til að tryggja að öll ábyrgðin sé hjá framkvæmdaaðilanum sem hann ræður til verksins. Það fyrirkomulag er hentugt fyrir eigandann. Að mati umsagnaraðila er hins vegar margt í byggingarreglugerðardrögunum sem gerir það nánast útilokað fyrir verktakann að sinna byggingarstjórahlutverkinu með trúverðugum hætti. Í grein 4.7.1 segir:

„Byggingarstjóri er faglegur fulltrúi eiganda við mannvirkjagerð og starfar í umboði hans samkvæmt skriflegum ráðningaráða verksamningi við eiganda. Byggingarstjóri skal gæta réttmætra hagsmuna eiganda gagnvart byggingaryfirvöldum, hönnuðum, iðnmeisturum og öðrum sem að mannvirkjagerðinni koma.“

Umsagnaraðilar telja þetta illsamræmanlegt aðstæðum á hinum almenna markaði, ef verktaka er gert að gegna byggingarstjórahlutverkinu. Ef verktaki annast ekki þetta hlutverk, þá skapast önnur vandmál, t.d. samningar við iðnmeistara, en telja verður ankannalegt ef verktaki annast ekki þá samningsgerð. Að mati umsagnaraðila þarf að endurskoða ákveðin ákvæði í reglugerðinni um ábyrgð og skyldur byggingarstjóra, til að tryggja að eigandinn eigi raunverulegan valkost að fela verktakanum að sinna þessu hlutverki, eða sjálfstætt starfandi ráðgjafa.

Þá vilja umsagnaraðilar undirstrika að þeir telja grein 3.7.4 í drögunum mjög mikilvægt skref í að eyðileggja ekki uppbyggingu gæðakerfa hjá verktökum og jafnframt skref í þá átt sem tíðkast erlendis í þessum málum, þ.e. að gæðastjórnun verði stærri hluti af mannvirkjagerð en nú er, þar sem orðin skráning og rekjanleiki eru í aðalhlutverki, en ekki hugtakið eftirlit. Að mati umsagnaraðila er mjög rík ástæða til að efna til almennrar umræðu um þessi mál til að ná sátt um hvernig best er að hafa þetta. Umsagnaraðilar lýsa áhyggjum sínum yfir því að að þegar kemur að stærri verksamningum, með alvöru gæðakerfi, og alvöru eftirliti, þá sé hætta á að óskýrt og ómarkvisst opinbert regluverk þvælist fyrir, og jafnvel hindri jákvæða framþróun á þessu sviði.

Hönnun – verður að geta staðið ein og óstudd

Í 4. kafla reglugerðadraganna eru skýr ákvæði um að hönnuðir beri ábyrgð á sinni vinnu gagnvart eiganda, þ.e. að hún uppfylli öll lög og reglur. Af einhverjum ástæðum er jafnframt lagt til að ábyrgð þeirra verði takmörkuð við þá hönnun sem farið er eftir að fullu. Af þessu ákvæði má ráða að hönnuðir bera enga ábyrgð á þeirri hönnun sem ekki er að öllu leyti farið eftir. Sambærileg ákvæði er ekki að finna varðandi aðrar faggreinar í drögunum og gera verður alvarlegar athugasemdir við þetta ákvæði, og er ástæða til að fella það út. Þá gera umsagnaraðilar einnig alvarlega athugasemd við grein 4.4.7 en samkvæmt henni er hönnuði heimilt að gefa byggingarstjóra skrifleg fyrirmæli er varðar túlkun hönnunargagna. Umrædd „túlkun“ getur varðar ágreining í verki upp á tugi milljóna króna. Þá er óvist að nokkuð samningssamband sé á milli þessara aðila. Að mati umsagnaraðila á hönnuður ekki að hafa rétt á að gefa byggingarstjóra fyrirmæli um eitt eða neitt, enda verður ekki séð að hann hafi einhverjar lagahilmildir til þess. Hönnunin þarf að geta staðið ein og óstudd, eins og hún er lögð fram til samþykktar

byggingaryfirvalda. Ef hún reynist ekki standa undir því, þá fer um það eins og önnur ágreiningsmál.

Hvað verður um alverkssamninga?

Í drögunum segir í grein 4.7.2: „*Byggingarstjóra er ekki heimilt að taka að sér ábyrgð á hönnun eða einstökum verkþáttum mannvirkjagerðar sem hann stýrir*“. Þetta ákvæði leiðir til þess að uppáskriftarvandamálið verður leyst þannig að fengnir verða „leppar“ til að skrifa upp á. Hér má nefna eitt dæmi: X, verkfræðingur sem er með starfsleyfi sem byggingarstjóri starfar hjá verktakafyrirtækinu Y. Y ber ábyrgð sem byggingarstjóri. Mega þá aðrir starfsmenn Y gegna störfum hönnunarstjóra og iðnmeistara í mannvirkjagerðinni? Þess leið virðist vera lokað, miðað við grein 4.7.2 í drögunum. Það þjónar ekki mannvirkjageiranum að hafa þessa leið lokaða og því þarf að breyta umræddu ákvæði.

Rafeindavirkjameistarar fái löggildingu Mannvirkjastofnunar

Rafeindavirkjun er löggilt iöngrein með námsskrá til meistaraprófs, verksvið hennar er skilgreint og mikilvægt að hagsmuna hennar sé gætt. Rafeindavirkjameistarar óska því þess að þeir geti hlotið löggildingu Mannvirkjastofnunar skv. lögum um mannvirkni og að ábyrgðarsvið þeirra verði skilgreint í reglugerðinni líkt og annarra iðnmeistara sem þar er getið.

Uppáskrift skrúðgarðyrkjumeistara á alla opinberar og stærri framkvæmdir

Umsagnaraðilar leggja til að krafist verði uppáskriftar skrúðgarðyrkjumeistara á allar opinberar, og stærri framkvæmdir. Þar er litið til byggingaflokka 2 og 3 í flokkun starfshemilda byggingastjóra (gr. 4.7.4).

Athugasemdir við einstakar greinar reglugerðardraganna

Grein 1.1.a:

Umsagnaraðilar leggja til að ákvæðið orðist þannig (feitletraðar breytingar): „Að vernda líf og heilsu manna, eignir og umhverfi með því að tryggja faglegan undirbúning **og faglega framkvæmd mannvirkjagerða**. Einnig skal tryggja virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi mannvirkja og heilnæmi sé fullnægt.“

Grein 1.2:

Hér á væntanlega tilvísun í 3. mgr. í 2. mgr. að vera tilvísun í 5. mgr.

Grein 1.3.3:

Skilgreiningin á „Algild hönnun“ er alls ekki nægilega skýr. Af ákvæðinu má ráða að ekki sé verið að vísa í mannvirkjagerð heldur frekar hönnun framleiðsluvara o.s.frv.

Grein 1.3.37:

Á þetta ekki vera þar sem útveggir ná upp fyrir gólfplötu á alla veggum?

Grein 1.3.59:

Að mati umsagnaraðila er ekki rétt að skilgreina gildistíma með hugtakskilgreiningu.

Grein 1.4:

Umsagnaraðilar leggja til að greinin orðist með eftifarandi hætti:

„Ákvæði samhæfðra evrópskra staðla gilda ávallt sem lágmarksákvæði. Þar sem strangari ákvæði koma fram í þessari reglugerð, gilda þau umfram lágmarksákvæðin.“

Grein 2.2.2, 4. mgr.:

„Mannvirkjastofnun skal senda viðkomandi byggingarfulltrúa niðurstöður rannsóknar tjóns eftir því sem við á.“ Hér ætti að bæta við ákvæði um að byggingarfulltrúa beri þá skylda til að senda hana áfram til eigandans. Hann hlýtur að eiga rétt á að fá skýrsluna þegar upp er staðið.

Grein 2.3.5 Minniháttar framkvæmdir undanþegnar byggingarleyfi.

Varðandi heimildir til framkvæmda án byggingarleyfis telja umsagnaraðilar viðmiðunarstærðir röra og loftneta/loftnetsdiska óraunhæfar, úr takt við raunveruleikann og að þær fullnægi ekki þörfum notenda. Það þarf að gera ráð fyrir stærri diskum og hærri rörum.

Grein 2.4.1, lokamálsliður 5. mgr.

„Með umsókn skal fylgja lýsing á fyrirhuguðum framkvæmdum.“ Að mati umsagnaraðila er þarna óljóst hvað verið er að biðja um. Er það tímaáætlun? Er það rask á nánasta umhverfi sem þarf að lýsa? Er það staðsetning vinnubúða? Heppilegt er að skýra þetta betur, þannig að byggingarfulltrúar fari ekki að útlista ólíkar og mismiklar kröfur.

Þá vantar í þessa sömu málsgrein heimild til að skila hönnunargögnum á rafrænu formi. Að mati umsagnaraðila á það ekki að vera háð útgefanda byggingarleyfis eins og gert er ráð fyrir í drögunum.

Grein 2.7.1, 2. málsliður 1. mgr.

Þar er talað um „virkt innra eftirlit“. Af orðalagi ákvæðisins má ráða að annar valkostur sé „óvirkt innra eftirlit“. Lagt er því til að orðið „virkt“ verði fellt út úr greininni. Þá er lagt til að eftirtalin orð í ákvæðinu: „...og reka mannvirklið“ verði fellt úr þar sem reglugerðin fjallað ekki um rekstur mannvirkis.

Í 2. og 3. mgr. sömu greinar er fjallað um innra eftirlit hönnunarstjóra og byggingarstjóra. Hér vaknar sú spurning af hverju hér sé eingöngu fjallað um innra eftirlit. Af orðalaginu má ráða að um eitthvað ytra eftirlit sé að ræða sem eigandinn ber þá væntanlega ábyrgð á. Er það þá þetta lögboðna eftirlit sem fjallað er um í 4. mgr.? Er þá innra eftirlitið ekki lögboðið? Mikilvægt er að fjallað sé um þessi hugtök, „innra eftirlit“ og „ytra eftirlit“ sérstaklega í orðskýringum í kafla 1.3.

Grein 2.8.1, 3. mgr.

„Útgefandi byggingarleyfis gefur út vottorð um eftifarandi úttektir, eftir atvikum á grundvelli skoðunarskýrslu skoðunarstofu eða eigin skoðunar:
1. Öryggisúttekt.

2. Lokaúttekt.

3. Við lok niðurriðs mannvirkis."

Þarna vakna spurningar um hvað verði gefið út í framhaldi af skilgreindum áfangatúttektum, sem munu verða langfjölmennastar. Mikilvægt er að fjallað sé um það sérstaklega í þessari grein.

Grein 3.1.2 :

„Upldrættir sem útgefandi byggingarleyfis hefur samþykkt og áritað skulu ásamt útgefnu byggingarleyfi ætíð liggja fyrir á byggingarstað og vera eftirlitsmönnum aðgengilegir.“

Ef framkvæmdaraðili á að vinna eftir einhverju öðru en uppráttum, og bera ábyrgð gagnavart yfirvöldum að farið sé eftir þeim, s.s. byggingarlýsing, verklýsing, skriflegum fyrirmælum (grein 4.1.1) þá eiga þessi gögn einnig að vera samþykkt og liggja fyrir á byggingarstað. Ef hins vegar er farið að tillögu umsagnaraðila um endurskoðun á grein 4.1.1, þá er óþarf að breyta þessari grein.

Grein 3.3.1 og 3.3.2. Leitað til skoðunarstofu og greiðsla kostnaðar.

Ef sveitafélag/mannvirkjastofnun ákveður að leita til skoðunarstofu er að mati umsagnaraðila rétt að eigandi geti þá sjálfur valið/leitað tilboða hjá skoðunarstofu sem hefur starfsleyfi Mannvirkjastofnunar.

Grein 3.3.3:

„Hafi skoðunarstofa farið yfir hönnunargögn eða annast úttekt takmarkast yfirferð útgefanda byggingarleyfis við framlagða skoðunarskýrslu.“

Hér er allt í einu talað um „úttekt“, sem er mjög mikilvægt hugtak í mannvirkjageiranum. Umsagnaraðilar hafa ákveðnar efasemdir um að ætlunin hafi verið að notast hér við hugtakið „úttekt“. Er lagt til að þarna standi „og skilað álit“ í stað orðsins „úttekt“

Grein 3.3.4:

Hér þarf að minnast á starfsleyfi sem Skoðunarstofa I eða II.

Grein 3.4.2:

Að mati umsagnaraðila er þessi grein engan vegin nægilega skýr. „Heimildir skoðunarmanna“. Umsagnaraðilar leggja til að þarna standi þess í stað „Flokkun mannvirkja“. Það þarf að vera hægt að lesa þessa grein með grein 3.3.6.

Grein 3.4.4:

Umsagnaraðilar leggja til að í 2. mgr. verði orðuð með eftifarandi hætti (tillaga að breytingu skáletruð):

„Skoðunarmanni I sem starfað hefur í 5 ár sem slíkur og verið með fullnægjandi gæðakerfi þann tíma er einnig heimilt að sinna eftirliti með mannvirkjum sem falla undir 3. tölulið greinar 3.4.2., enda falli þau undir hans sérsvið.“

Grein 3.5.3, 2. mgr.:

„Mannvirkjastofnun getur að eigin frumkvæði gefið út álit um tæknilegt eftirlit með tiltekinni mannvirkjagerð eða með mannvirkjagerð almennt. Álit

Mannvirkjastofnunar og eftir atvikum ráðherra er bindandi fyrir alla aðila máls og sætir ekki endurskoðun úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.“ Umsagnaraðilar óska eftir skýringu á því hvað sé átt hér við með „tæknilegt eftirlit“.

Grein 3.7.2 Framkvæmd áfangaúttekta.

Að mati umsagnaraðila þarf hér að taka fram að viðkomandi iðnmeistari hafi fengið tilkynningu með sannanlegum hætti, sbr. ákvæði mannvirkjalaga og grein 4.7.7. í þessum drögum.

Grein 3.7.5, c) liður Áfangaúttektir

Umsagnaraðilar leggja til að í stað „rafmagns- og boðveitna“ komi orðin „rafmagns- og fjarskiptakerfa“. Orðið „fjarskiptakerfi“ er viðurkennt samheiti fyrir loftnets-síma- og netkerfi bygginga.

Grein 3.8.1

Að mati umsagnaraðila er ljóst að hönnuður getur ekki tekið ábyrgð á því að „frágangur“ sé þannig að kerfin séu í lagi, ef viðkomandi hönnuður hefur ekki haft eftirlit með verkinu. Það á hann alla jafna ekki að hafa heldur er þetta á verksviði byggingarstjóra skv. reglugerðardrögunum. Að mati umsagnaraðila ganga því greinar e) og f) alls ekki upp, og geri umsagnaraðilar jafnvel fyrirvara við greinar b) og c), þó svo að þar sé um mun takmarkaðri og sérhæfðari búnað að ræða. Sambærilega kröfur er ekki að finna í grein 3.9.3 e) og f).

Grein 3.9.2, lokamálsgrein:

„Komi í ljós við lokaúttekt að mannvirkni uppfyllir ekki öryggis- eða hollustukröfur getur eftirlitsaðili fyrirskipað lokun mannvirkis og lagt fyrir eiganda þess að bæta úr og skal þá lokaúttektarvottorð ekki gefið út fyrr en það hefur verið gert.“

Að mati umsagnaraðila getur varla verið átt þarna við hvaða eftirlitsaðili sem er. Þarna hlýtur að vera átt við útgefanda byggingarleyfis. Þetta þarf að koma skýrt fram.

Grein 3.9.3:

Umsagnaraðila leggja til að til viðbótar komi eftirfarandi:

Yfirlýsing byggingarstjóra og rafvirkjameistara/rafeindavirkjameistara um að fyrir liggi mæliskýrslur fjarskiptakerfa og eftir atvikum skýrsla samkvæmt: *TS 151:2009 „Tæknireglur um fjarskiptalagnir í íbúðarhúsnæði“ útgefnu af Staðlaráði Íslands.*

Samkvæmt j) lið skal leggja fram „gógn um innra eftirlit með hönnun og framkvæmd verksins.“

Að mati umsagnaraðila er rétt að samræma þennan lið betur við kafla 3.5 um skoðunarhandbækur og er því lagt til að umræddur j) liður hljóði svo: „Skoðunarhandbækur eiganda er varða hönnun og framkvæmd verksins.“

Grein 4.1.1, 2. mgr.:

Umsagnaraðilar gera alvarlegar athugasemdir við þessa grein. Þar segir:

„Hönnuðir bera ábyrgð á því gagnvart eiganda mannvirkis að hönnun þeirra sé faglega unnin og mannvirknið standist þær kröfur sem til þess eru gerðar í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim enda hafi verið fylgt að fullu

uppdráttum hönnuðar, verklýsingu, skriflegum fyrirmælum og viðurkenndum starfsvenjum. Hönnuðir skulu árita uppdrætti sína eigin hendi og þannig staðfesta ábyrgð sína.“

Að mati umsagnaraðila ber hönnuðum aðeins að leggja fram uppdrætti til samþykktar byggingaryfirvalda, og kannski meira ef byggingaryfirvöld hafa óskað eftir því. Hingað til hefur ekki verið fjallað um verklýsingar í texta reglugerðar eða skrifleg fyrirmæli. Þá er að mati umsagnaraðila umdeilanlegt hvað felst í orðinu „viðurkenndar starfsvenjur“.

Umsagnaraðilar leggja því til að greinin orðist með eftifarandi hætti:

„Hönnuðir bera ábyrgð á því gagnvart eiganda mannvirkis að hönnun þeirra sé faglega unnin og mannvirkio standist þær kröfur sem til þess eru gerðar í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Hönnuðir skulu árita uppdrætti sína eigin hendi og þannig staðfesta ábyrgð sína“.

Grein 4.1.1, 3. mgr.

„Með áritun sinni ábyrgist hönnuður að viðkomandi mannvirki standist þær kröfur sem til þess eru gerðar í reglugerð þessari, enda hafi verið fylgt að fullu uppdráttum hans, verklýsingu og skriflegum fyrirmælum.“

Að mati umsagnaraðila er hér áfram verið að rugla saman hvort hönnuðurinn beri ábyrgð á sinni vinnu, eða hvort farið hafi verið eftir fyrirmælum. Þetta hefur ekkert með hvort annað að gera. Skilgreina þarf eftifarandi:

- Hverju á að skila umfram uppdrætti? Umsagnaraðilar leggja til að auka frekar kröfur til uppdráttanna.
- Hver beri ábyrgð á að því sé fylgt sem fylgja á. Er það eigandinn eða eru það yfirvöld?

Umsagnaraðilar leggja til eftifarandi:

- Hönnuður ber ábyrgð á því að hans hönnun uppfylli gildandi lög og reglugerðir.
- Hönnuður ber þessa ábyrgð gagnvart eiganda.
- Þessa hönnun leggur hann fram til samþykktar í formi uppdrátta.
- Hönnuður ber ekki ábyrgð á því að hans hönnun sé fylgt. Það telst vera á ábyrgð annarra.
- Eigandi ber ábyrgð á því að farið sé eftir samþykktum uppdráttum.

Grein 4.1.1, 4. mgr.

„Hönnuður séruppráttar ber ábyrgð á því að hönnun hans samræmist aðaluppdrætti.“ Umsagnaraðilar leggja til að hönnunarferlið verði styrkt enn frekar. Það skapast oft vandamál þegar hönnuður séruppráttta er búinn að samræma við aðaluppdrætti, þá er aðaluppdrættinum breytt. Það verður tæplega skrifað á ábyrgð eins eða neins. Hins vegar getur verið mjög bagalegt fyrir framkvæmdaraðila, eftirlitsaðila, opinberan aðila, eða annan hönnuð, að vita ekki fyrir víst hvort að sérupprættir séu samræmdir við þann aðaluppdrátt sem hann er með í höndunum, kannski tveimur árum síðar. Þess vegna leggja umsagnaraðilar til eftifarandi viðbót við textann þannig að málsgreinin orðist með eftifarandi hætti:

„Hönnuður séruppráttar ber ábyrgð á því að hönnun hans samræmist aðaluppdrætti og skal hann staðfesta á uppdrætti sína síðustu dagsetningu þeirra aðaluppdráttta sem hann hefur samræmt sína hönnun við.“

Grein 4.1.4, 4. mgr.

Umsagnaraðilar leggja til að 6. liður hljóði svo: *Hönnun raf,- og fjarskiptalagna*.

Grein 4.3.1, lokamálsgrein:

Umsagnaraðilar leggja til að byggingarlýsing sé ævinlega hluti af uppdráttum. Það er eina örugga leiðin til að tryggja að hún verði hluti af teikningasettinu og gögnum á byggingarstað.

Grein 4.3.5

Í stað orðanna „síma og rafrænna gagnaveitna“ komi orðið fjarskiptakerfa.

Grein 4.4.6, 2. mgr.

Í stað orðanna „og boðveitum“ komi orðin „og fjarskiptakerfum“

Grein 4.7.3

Að mati umsagnaraðila vantar í þess grein heimild byggingarstjóri sem starfar á ábyrgð fyrirtækis að hann megi starfa eftir gæðakerfi viðkomandi fyrirtækis, en þurfi ekki að leggja fram sitt eigið.

Grein 4.7.7, 3. mgr.

„Leiki vafi á túlkun hönnunargagna skal byggingarstjóri skera úr, eftir atvikum í samráði við hönnuði, og skrá niðurstöður í gæðastjórnunarkerfi sitt.“

Umsagnaraðilar gera alvarlegar athugasemdir við þetta ákvæði. Ekki verður séð að ákvæðið hafa nokkra stoð í lögum. Með þessu ákvæði í reglugerð er leitast við að tilgreina hver hefur úrskurðarvald ef upp kemur ágreiningur á byggingarstað, en ágreiningsmálið getur varðað háar upphæðir. Umsagnaraðilar leggjast alfarið gegn þessu ákvæði enda hefur það eins og fyrir greinir enga lagastoð og ekki verður heldur séð hvaða tilgangi það þjónar. Til eru leikreglur um meðferð ágreiningsmála, bæði í ÍST 30 og fyrir almennum dómstólum.

Þá segir í framhaldinu í sömu málsgrein:

„Falli mannvirki undir 2. eða 3. tölul. greinar 4.7.4. skal byggingarstjóri sjá til þess að skipulagðir samráðsfundir séu haldnir með eiganda og hönnuðum og skrá efni þeirra í gæðastjórnunarkerfi sitt.“

Að mati umsagnaraðila er byggingarstjóri hér kominn inn á verksvið hönnunarstjóra. Alvarlegra er að þarna er ákvæði reglugerðarinnar komin inn á rekstur verksamninga og verður ekki séð hvaða tilgangi það þjónar. Falli mannvirki undir 2. eða 3. mgr. ákvæðisins er nokkuð ljóst að gerður verður verksamningur um verkið og veruleg hætta því á að fyr nefnt reglugerðarákvæði þvælist þar fyrir um rekstur samningsins, þar sem þeim aðila sem falið er hlutverk byggingarstjóra er oft alls ekki ætlað að koma nálægt hönnun mannvirkisins. Umsagnaraðilar leggjast því alfarið gegn þessu ákvæði.

Grein 4.7.7, 5. mgr.

„Byggingarstjóri skal hafa virkt eftirlit með því að þeir sem koma að byggingu mannvirkis fylgi samþykktum hönnunargögnum, verklýsingum og ákvæðum laga um mannvirki og reglugerða sem settar samkvæmt þeim.“

Að mati umsagnaraðila er ekki rétt að blanda hér inn í verklýsingum, sem aldrei hafa verið samþykktrar af leyfisveitanda. Einnig gera umsagnaraðilar enn og aftur athugasemdir við að notast er við orðið „virk“ eftirlit. Það er að mati umsagnaraðila alveg fullnægjandi að í reglugerðardrögunum sé leitast við að skilgreina ábyrgð hvers og eins. Það er með öllu óskiljanlegt af hverju verið er að setja í reglugerðardög hvernig staðið skuli að rekstri verksins.

Grein 4.7.7, 9. mgr.

„Byggingarstjóri ber ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi.“

Að mati umsagnaraðila er með þessum ákvæðum verið að taka fram að það gildir einu hvað kemur fram í verk- eða kaupsamningum á milli aðila, og er það vel. Hins vegar er nokkuð seint í rassinn gripið, þar sem á sama tíma er búið að binda í reglugerðardög að gera beri samning við einstaka meistara. Eru það þá ekki verksamningar? Hvers konar samningar eru það þá? Jú, í raun eru þeir engir alvöru samningar, heldur aðeins samkomulag um „uppáskrift“ fyrir einstaka verkhltut. Þetta er glöggt dæmi um hversu varhugavert það er að fjallað sé um samninga í reglugerð, hvað þá að mælt sé fyrir um hvernig þeir skuli skriffaðir og hvað skuli koma fram í þeim.

Grein 4.8, liður e)

„skrá yfir samskipti við og yfir leiðbeiningar byggingaryfirvalda og eftirlitsaðila“. Að mati umsagnaraðila er með öllu óljóst hvaða „eftirlitsaðila“ er verið að vísa til, ef það eru ekki byggingaryfirvöld. Þá er að öllum líkendum hvergi skilgreint hlutverk byggingaryfirvalda eða eftirlitsaðila að koma með „leiðbeiningar“ til byggingarstjóra. Þetta ætti að endurskoða og skýra.

liður g)

„skrá yfir hönnunarstjóra, hönnuði og athugasemdir til þeirra vegna hönnunargagna“.

Það er sama skapí að mati umsagnaraðila óskiljanlegt hvers vegna byggingarstjóri á að taka að sér yfirumsjón með vinnu hönnuða og hönnunarstjóra. Að mati umsagnaraðila er þetta óviðeigandi. Réttara væri að segja einfaldlega „skrá yfir athugasemdir sem hann hefur í umboði eiganda gert til þriðja aðila.“

grein h)

„skrá yfir móttakin hönnunargögn þ.e. uppdrætti, verklýsingar og önnur skrifleg fyrirmæli hönnuða“.

Þessi grein á að falla út að mati umsagnaraðila, þar sem samþykktir uppdrættir eiga að duga byggingarstjóra til að vinna verkið að fullu.

Grein 4.9

Þessi grein er að mati umsagnaraðila varhugaverð þar sem byggingaryfirvöld eru farin að skipta sér af samningagerð á milli aðila. Er það hlutverk byggingaryfirvalda? Er ekki lykilatriðið að hlutverk byggingarstjóra samkvæmt reglugerð er skýrt í reglugerðinni sjálfri, og að það sé ekki hægt að semja sig frá

því – þá er þetta ákvæði óþarf. Eða er hugsunin sú að aðilar geti samið sig frá þessum ákvæðum í verksamningi sín á milli? Lagt er til að hún falli niður.

Grein 4.10.1

Umsagnaraðilar leggja til að fyrirtæki hafi heimild til að skrifa upp á sem ábyrgðaraðili iðnmeistara, svo framalega að þeir hafi starfsmann sem uppfylli kröfur um menntun og löggildingu iðnmeistara, líkt og fyrirtæki mega skrifa uppá sem byggingarstjórar. Þá ætti slíkur iðnmeistari, sem starfar á ábyrgð fyrirtækis, að geta starfað eftir gæðakerfi þess fyrirtækis (grein 4.10.2).

Þá leggja umsagnaraðilar til að fleiri en einum iðnmeistara verði heimilt að skrifa upp á hvern verkpátt, á sama tíma, við gerð mannvirkis sem flokkast undir Byggingarstjóra 2 og 3. Að sjálfsögðu myndi þá hver iðnmeistari skrifa bara undir þann verkpátt sem hann vinnur sjálfur.

Grein 4.10.1, 6. og 7. málsgrein.

Þar er verið að fjallað um að iðnmeistari geti fengið staðbundin réttindi. Var ekki búið að loka á þetta? Eiga ekki allir byggingastjórar og iðnmeistarar að vera á skrá hjá Mannvirkjastofnun? Stendur til að opna fyrir staðbundin réttindi aftur?

Grein 5.1.3

„Iðnmeistari sem ber ábyrgð á einstökum verkpætti sbr. kafla 4.10. er heimilt að vinna á eigin verkstæði og til notkunar í eigin verki einingar eða byggingarhluta sem háðir eru CE merkingu á markaði,...“

Umsagnaraðilar leggja til að þessi hluti greinarinnar verði orðuð með eftirfarandi hætti:

„Iðnmeistari sem ber ábyrgð á einstökum verkpætti sbr. kafla 4.10. er heimilt að láta vinna á verkstæði til notkunar í eigin verki einingar eða byggingarhluta sem háðir eru CE merkingu á markaði,...“

Grein 6.2.3

Málsetning í texta stangast á við málsetningu í töflu (3,5m x 5,0m í texta en 3,8m x 5,0m í töflu).

Grein 6.4.13

Umsagnaraðilar leggjast gegn því að krafist verði lyftu í mannvirkí sem eru 3 hæðir eða hærri. Í eldri reglugerð var þetta 4 hæðir og sjá umsagnaraðilar ekkert tilefni til að breyta því.

Grein 6.7.1, 4. mgr.

Í stað málsgreinarinnar: „Í nýbyggingum svo og við endurbyggingu á þegar byggðum húsum skal gera ráð fyrir, frágangi og búnaði vegna móttöku rafrænna upplýsinga s.s. vegna tengi-möguleika við ljósleiðara og loftnet s.s. loftnetsdiska...“ komi: „Í nýbyggingum svo og við endurbyggingu á þegar byggðum húsum skal gera ráð fyrir frágangi og búnaði vegna fjarþiptakerfa skv. ÍST 151:2009 Tæknireglur um fjarþiptalagnir í íbúðarhúsnæði, útgefnu af Staðlaráði Íslands.“

Grein 14.7

Umsagnaraðilar leggja til breytingar á fyrirsögn greinarinnar sem yrði þá:

Raflagna- og fjarskiptakerfi

Raforkuvirki hefur merkinguna: „Mannvirki til vinnslu og dreifingar rafmagns“ og á því tæplega við í þessari reglugerð. Þá átta umsagnaraðilar sig ekki á tilvísun í „reglugerð viðkomandi rafveitu“.

Umsagnaraðilar leggja til að eftirfarandi málsgrein verði felld niður: „Inntakskassar fjarskiptalagna, rafrænna gagnaveitna og tengikassar sem tilheyra fleiri en einni íbúð eða starfsstöð skulu vera staðsettir í sameign. Kassarnir skulu annaðhvort innsiglaðir eða læstir. Um fjarskiptalagnir gilda ákvæði reglugerðar um leynd og vernd fjarskipta“.

Þess í stað komi: Með frágang fjarskiptakerfa/lagna skal fara samkvæmt TS 151:2009 „Tæknireglur um fjarskiptalagnir í íbúðarhúsnæði“ útgefnu af Staðlaráði Íslands.

16.kafli

Kaflinn er algerlega óskrifað blað. Það ætti að vera hægt að sjá leiðbeiningar (handbókar mannvirkis) Mannvirkjastofnunar á umsagnartíma þessara byggingarreglugerðardraga.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Orri Hauksson
framkvæmdastjóri

SAMTÖK RAFVERKTAKA

Ásbjörn R. Jóhannesson
framkvæmdastjóri

MEISTARAFFELAG HÚSASMIÐA

Baldur Þór Baldvinsson
formaður